

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 18. mars 2026

Mál nr. S-3188/2025:

Ákærvaldið

(*Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari*)

gegn

Krzysztof Lukasz Ziolkowski

(*Halldóra Aðalsteinsdóttir lögmaður*)

D Ó M U R

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 3. febrúar 2026, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Suðurnesjum 10. október 2025, á hendur Krzysztof Lukasz Ziolkowski, kt. [...], [...]

„fyrir líkamsárás, með því að hafa, laugardaginn 12. október 2024, í svefnherbergi á heimili þeirra að [...], skallað þáverandi eiginkonu sína, A, kt. [...], í vinstra gagnaugað. Voru afleiðingar árásar ákærðu þær að [...] hlaut mar og hematoma á vinstra gagnauga.“

Er framangreind háttsemi talin varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er í ákæru tekin upp einkaréttarkrafa af hálfu brotapolans, A. Er endanleg krafa hennar á þann veg að krafist er greiðslu miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 700.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 12. október 2024 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar við að halda uppi kröfunni að viðbættum virðisaukaskatti.

Ákærði neitar sök og krefst sýknu en til vara að honum verði gerð vægasta refsing. Þá krefst hann þess að einkaréttarkröfu verði vísað frá dómi en til vara að fjárhæð

hennar sæti umtalsverðri lækkun. Enn fremur er þess krafist að allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, greiðist úr ríkissjóði.

Helstu málavextir

Í skýrslu lögreglu greinir að lögreglu hafi kl. 16:17 þann 12. október 2024 borist tilkynning um heimilisofbeldi sem átt hafi sér stað á heimili ákærða og brotþola að [...]. Segir í skýrslunni að þegar lögregla hafi komið á staðinn hafi ákærði og brotþoli verið þar stödd. Hafi lögregla rætt við brotþola, sem hafi verið grátbólgin og sjáanlega í uppnámi. Á heimilinu voru einnig tveir synir þeirra, B og C, fimm og sjö ára gamlir.

Segir að brotþoli hafi á vettvangi greint frá því að hún og ákærði stæðu í skilnaði. Þau hefðu engu að síður deilt saman heimili, en svæfu hvort í sínu herbergi hússins. Sagði hún þau hafa rifist þennan dag og að hún hafi viljað að ákærði færi af heimilinu. Hafi hún af þeim sökum verið að pakka fötum hans í poka í herbergi sona þeirra þegar ákærði hafi komið þar að, mjög æstur, gripið í axlir hennar með báðum höndum og skallað hana í enni. Hafi hún þá fallið aftur fyrir sig á þvottakörfu sem staðsett var á gólfi herbergisins. Segir í lögregluskýrslu að brotþoli hafi verið bólgin á vinstra gagnauga. Þá segir í skýrslunni að aðspurð hafi brotþoli greint frá því að ákærði hafi áður veist að henni, auk þess sem hann hafi beitt hana andlegu ofbeldi, hann hafi talað „niður“ til hennar og lítillækkað hana fyrir framan aðra.

Lögregla ræddi á vettvangi einnig við ákærða, Krzysztof, sem hafi í fyrstu neitað fyrir að hafa „snert“ brotþola. Sagði hann brotþola sífellt ljúga og að hún hafi sett upp myndavélar víðs vegar um heimilið. Sagðist hann hafa áhyggjur af börnum sínum í návist brotþola og taldi hann hana þurfa á lækniástoð að halda sökum geðheilsu. Sagði hann þau hafa rifist umrætt sinn og að brotþoli hafi fyrirskipað honum að yfirgefa heimilið og hún hafist handa við að pakka fötum hans í kassa. Sagði ákærði brotþola hafa brjálást og öskrað. Hann hafi því tekið utan um axlir hennar.

Í skýrslunni segir að lögregla hafi tekið ljósmyndir af brotþola og myndað vettvang. Þá hafi brotþola verið bent á að leita til læknis.

Skýrsla var tekin af brotþola hjá lögreglu síðar þann sama dag. Sagðist hún hafa sótt um skilnað við ákærða og hún hafi farið fram á að hann flytti af heimili þeirra. Við það hafi ákærði reiðst, rifið í brotþola og skallað hana í andlit með þeim afleiðingum að hún fékk mar og bólgu við gagnauga. Sagði hún að við höggið hefði hún misst jafnvægið

og fallið í gólfið. Aðspurð sagði hún högg ákærða hafa verið um 7 á skalanum 1–10. Þá greindi brotaþoli frá því að hafa áður sætt ofbeldi af hálfu ákærða. Aðspurð sagði hún ákærða ekki hafa verið ölvaðan umrætt sinn.

Brotaþoli gaf á ný skýrslu hjá lögreglu 19. júní sama ár. Lýsti hún þá atvikum svo að ákærði hefði tekið með báðum höndum um axlir hennar og skallað hana í höfuðið. Sagðist hún hafa náð að víkja höfði sínu til hliðar og því hafi hún fengið áverka á augabrún, vinstra megin, en ekki framan á andliti eða á nef, líkt og ella hefði mátt gera ráð fyrir. Sagði brotaþoli þau hafa rifist umrætt sinn sem hafi endað með því að hún hafi byrjað að pakka fötum ákærða í plastpoka og krafist þess að hann færi af heimilinu. Hafi ákærði þá gripið um axlir hennar og skallað hana í höfuðið. Sagðist brotaþoli telja víst að yngri sonur þeirra, sem þá hafi verið á sjötta ári, hafi orðið vitni að atvikinu, en hún vissi ekki hvar eldri sonur þeirra var staddur á þessum tíma. Sagði hún yngri son þeirra hafa öskrað á pabba sinn, spurt hann hvað hann væri að gera og lamið hann í rassinn. Sagði hún drenginn hafi verið í miklu uppnámi. Brotaþoli greindi í skýrslutökunni frá fyrri atvikum þar sem ákærði hafi bæði beitt hana líkamlegu og andlegu ofbeldi.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 12. október 2024. Greindi hann þar frá því að þennan dag hafi brotaþoli viljað að ákærði yfirgæfi heimili þeirra. Sagði hann brotaþola hafa rifist og öskrað. Hún hafi byrjað að pakka fötum hans í plastpoka og sagt ákærða að „drulla sér út úr húsinu“. Sagðist ákærði hafa farið inn í herbergið og sett sjálfur fatnað í poka, en jafnframt greint brotaþola frá því að hann ætlaði að taka börn þeirra með sér að heiman. Brotaþoli hafi þá sagst ætla að hringja í lögreglu. Hafi annað barn þeirra þá komið til þeirra og brotaþoli sagt því að ákærði hafi meitt hana. Kvaðst ákærði hafa hneykslast og orðið hissa á þessari framkomu brotaþola. Sagðist hann þá hafa farið fram til barnanna og beðið eftir lögreglu. Ákærði kvaðst neita fyrir að hafa skallað brotaþola í andlitið og kvaðst ekki hafa beitt hana líkamlegu ofbeldi. Kvaðst hann ekki geta útskýrt áverka hennar.

Lögregla tók ljósmyndir af ákærða og brotaþola á vettvangi, sem og ljósmyndir innandyra á heimili þeirra, og liggur ljósmyndaskýrsla fyrir í gögnum málsins. Þá liggur fyrir í málinu myndbandsupptaka úr eftirlitsmyndavél á heimili brotaþola, sem og endurrit samskipta ákærða og brotaþola, unnið upp úr hljóðupptökum, í íslenskri þýðingu. Í myndbandsupptöku frá umræddum degi sem er rétt rúmlega fjórar mínútur að lengd og

hefst kl. 16:12:18 má sjá ákærða og brotþola ásamt sonum þeirra og virðist myndavélin vísa að herbergisdrygum í húsinu. Sést brotþoli fara tvívegis inn í herbergið og í síðara skiptið fylgir ákærði á eftir henni. Hvellur heyrir og óp sem virðist koma frá brotþola. Ákærði virðist hrópa á móti og má greina hávært rifrildi. Má sjá yngri son þeirra koma inn í herbergið en ákærði vísar honum frá og fer sjálfur aftur inn í herbergið. Má sjá drenginn slá með flötum lófa á rass ákærða sem sést halla sér niður og virðist vera að taka eitthvað upp af gólfi. Drengurinn sést fara inn í herbergið og má greina þaðan rifrildi milli ákærða og brotþola. Því næst má sjá ákærða ganga hratt út úr herberginu og fara út úr mynd. Hann sést skömmu síðar aftur í mynd og fer inn í herbergið þar sem brotþoli og yngri sonur þeirra eru fyrir. Mikil öskur heyrast í þann mund sem eldri drengur þeirra kemur í mynd og stendur fyrir framan herbergið. Má sjá drenginn koma að herberginu og tekur ákærði á móti honum og heldur áfram að rífast. Eldri drengurinn fer inn í herbergið og ákærði á eftir honum. Brotþoli kemur því næst út úr herberginu ásamt öðrum drengjanna. Í málinu liggja enn fremur fyrir hljóðupptökur frá umræddum degi sem þýddar hafa verið á íslensku.

Í málinu liggur frammi læknisvottorð lækni nr. [...], sérfræðings í heilsugæslu-lækningum, dagsett 25. nóvember 2024. Segir þar að brotþoli hafi leitað á bráðamóttöku HSS 12. október 2024 og segir um þá heimsókn í vottorði sem læknirinn segir unnið upp úr rafrænu sjúkraskrárkerfi brotþola, en hann hafi sjálfur ekki sinnt:

„Í nótu heilbrigðisstarfsmanns kom fram að A leitar á bráðamóttöku HSS eftir að sambýlismaður skallar hana. Að sögn er hann [] með drykkju/ neyslusögu. Þeim sinnast og hann tekur í hálsmálið á peysunni hennar og skallar hana í gagnaugað. Hún dettur við það aftur fyrir sig en lendir á samanbrotnum þvotti.

Skoðun: Er marín og með hematóm á við gagnauga. Teknar myndir.

Meðferð: Haft samband við lögreglu sem tilkynnir málið til barnaverndar þar sem ung börn eru á heimilinu.“

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði greindi svo frá að brotþoli hefði hagað sér „furðulega“ þennan dag. Sagði hann brotþola hafa tekið öll hans gögn og föt út úr skápum í svefnherbergi þeirra. Hann hafi beðið brotþola um að hætta. Þar sem brotþoli hafi hringt á lögreglu hafi ákærði afráðið að bíða eftir lögreglu fyrir utan húsið. Hann kvaðst þó ekki vita hvers vegna brotþoli hafi hringt á lögreglu. Kvaðst ákærði aðspurður ekki hafa „snert“ brotþola. Hann hafi

þó reynt að koma í veg fyrir að brotþoli henti dóti hans á gólfið. Nánar aðspurður kvaðst hann hafa tekið um axlir brotþola. Það hafi þó einungis verið „snerting“ en hann hafi ekki meitt brotþola.

Ákærði kvaðst aðspurður ekki hafa séð áverka á andliti brotþola í kjölfar rifrildis þeirra og kunni enga skýringu á þeim. Brotþoli hafi allt að einu ekki verið með sjáanlega áverka þegar ákærði hafi yfirgefið herbergið.

Aðspurður um áverka ofarlega á enni hans sjálfs, sem vísað er til í lögreglu-skýrslu, sagði ákærði að ekki hafi verið um áverka að ræða heldur hafi hann verið með skrámu, bólu eða útbrot sem hann sé gjarn á að fá, en hann sé með exem. Sagði hann fyrirbyggjandi ljósmyndir af ætluðum áverkum á brotþola og ákærða hafa verið teknar af lögreglu á vettvangi, þ.e. heimili þeirra.

Ákærði kvaðst hafa hljóðritað fjölmörg samskipti sín og brotþola.

Brotþoli, A, sagði ákærða hafa meitt hana með því að gefa henni „högg með enni sínu“. Hún kvaðst hafa reynt að komast undan höggi ákærða með því að beygja höfuð sitt til hliðar og því hafi höggið lent á vinstra gagnauga hennar. Sagði hún ákærða hafa komið illa fram við sig allan sambúðartíma þeirra. Þennan dag hafi þau rifist og kvaðst brotþoli hafa sagt ákærða að flytja út af heimilinu. Hún hafi í framhaldinu opnað fataskáp ákærða og tekið út fót hans. Ákærði hafi þá veist að henni með framangreindum hætti, þ.e. með því að skalla hana í höfuðið með enni sínu. Aðspurð um það hvort högg ákærða hafi verið „fast“ sagði hún það hafa verið það harkalegt að hún féll aftur fyrir sig á þvottakörfu. Sagði hún son sinn hafa orðið vitni að atlögu ákærða, en hann hafi staðið í dyragættinni. Sagði hún drenginn þá hafa hlaupið inn í herbergið og „byrjað að meiða“ ákærða og slegið hann með krepptum hnefa í rass og hrópað: „það má ekki meiða mömmu“. Sagðist brotþoli þá hafa kallað á eldri son sinn og beðið hann um að færa sér síma og hún í framhaldinu kallað til lögreglu, sem hafi komið og handtekið ákærða. Kvaðst brotþoli hafa farið beina leið á spítala til skoðunar. Brotþoli sagði lögreglu hafa tekið ljósmyndir af áverkum hennar á vettvangi.

Brotþoli kvaðst aðspurð hafa liðið hræðilega á meðan á atlögu ákærða hafi staðið. Þá kvaðst hún ekki enn hafa náð fullum bata. Hún hafi til að mynda leitað til sálfræðings. Það sama eigi við um börn hennar. Henni hafi þó ekki verið unnt, af fjárhagslegum ástæðum, að sækja marga sálfræðitíma. Sagðist brotþoli hafa orðið fyrir

miklu andlegu áfalli vegna atviksins og væri óvinnufær. Kvaðst hún aðspurð hafa verið á atvinnuleysisbótum allt frá árinu 2023.

Læknir nr. [...] kvaðst staðfesta fyrirbyggjandi læknisvottorð sitt frá 25. nóvember 2024. Sagði læknirinn metna áverka vel geta samræmst því að brotaþoli hafi verið „skölluð“ í höfuð með þeim hætti sem lýst er í ákæru. Sagði læknirinn að myndir hafi verið teknar við skoðun, en þær hafi þó ekki fylgt með vottorðinu.

Lögreglumaður nr. [1] (áður H- [...]) sagði lögreglu hafa verið kallaða til vegna heimilisofbeldis. Á vettvangi hafi húsráðendur bæði tekið á móti lögreglu í anddyri hússins. Sagðist lögreglumaðurinn hafa tekið brotaþola til hliðar og rætt við hana. Sagði lögreglumaðurinn brotaþola hafa verið í sjáanlegu uppnámi. Hafi hún lýst atvikum svo að ákærði hafi tekið um axlir hennar og skallað í höfuðið með þeim afleiðingum að hún féll aftur fyrir sig. Lögreglumaðurinn sagðist reka minni til þess að brotaþoli hafi verið með „smá roða eða kúlu“ á höfðinu. Þá hafi lögregla tekið ljósmyndir af ákærða og brotaþola á vettvangi.

Lögreglumaðurinn kvaðst staðfesta lögregluskýrslur.

Lögreglumaður nr. [2] kvaðst hafa tekið málið til rannsóknar. Hann hafi tekið skýrslu af brotaþola, auk þess sem hann annaðist samantekt rannsóknargagna. Að sögn lögreglumannsins hafi brotaþoli sjálf afhent lögreglu myndbandsupptökur þær sem liggja frammi í málinu. Lögregla hafi annast þýðingar samskipta úr pólsku yfir á íslensku að hluta, en hluti þeirra hafi verið unninn að tilhlutan brotaþola sjálfrar.

Lögreglumaðurinn kvaðst staðfesta lögregluskýrslur.

Niðurstaða

Ákærða er í máli þessu gefin að sök líkamsárás með því að hafa laugardaginn 12. október 2024 veist að þáverandi eiginkonu sinni, brotaþolanum A, á heimili þeirra að [...], með því að skalla hana í vinstra gagnaugað með þeim afleiðingum sem í ákæru greinir.

Ákærði neitar alfarið sök. Hann segir þau hafa rifist umrætt sinn en að engin líkamleg átök hafi átt sér stað.

Af hálfu brotaþola hefur atvikum verið lýst með þeim hætti að komið hafi til rifrildis á milli hennar og ákærða sem endað hafi með því að ákærði hafi skallað hana í

höfuð hennar með höfði sínu, að syni þeirra ásjáandi, með þeim afleiðingum sem lýst er í ákæru.

Að mati dómsins verður framburður brotaþola lagður til grundvallar við úrlausn málsins enda er hann trúverðugur og fær fulla stoð í gögnum máls. Framburður ákærða er hins vegar ótrúverðugur og í engu samræmi við fyrirbyggjandi gögn. Þá eru skýringar ákærða á áverkum á enni hans fjarstæðukenndar. Í þessu efni vísast einkum til ljósmynda sem lögregla tók af ætluðum áverkum á höfði ákærða og brotaþola á vettvangi sem og vettvangsskýrslu lögreglu þar sem fram kemur að ákærði og brotaþoli hafi bæði verið með sýnilega áverka á höfði sem samræmst gæti frásögn brotaþola af atvikum. Þá sýnir myndbandsupptaka sú sem er meðal málsgagna að til átaka hafi komið með aðilum, að drengjum þeirra ásjáandi, og verður af henni og endurriti hljóðupptöku beinlínis ráðið að til líkamlegra átaka hafi komið.

Brotaþoli leitaði strax í kjölfarið á bráðamóttöku HSS. Þar skýrði brotaþoli frá því að ákærði hefði tekið í hálsmálið á peysu hennar og skallað hana í gagnaugað og hefði hún við það fallið aftur fyrir sig. Við skoðun reyndist brotaþoli vera marin á vinstra gagnauga. Þá greindi læknirinn svo frá að áverkar á höfði hennar gætu samræmst slíkri atlögu. Að sama skapi má vel greina sambærilega áverka af ljósmyndum sem teknar voru af andliti ákærða á vettvangi og staðfest hefur verið með vætti lögreglumanna.

Með vísan til alls framanritaðs, þar á meðal að teknu tilliti til trúverðugs framburðar brotaþola, telst hafið yfir skynsamlegan vafa, gegn neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru með þeim afleiðingum sem þar greinir. Er háttsemin rétt heimfærð til 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt sakavottorði, dagsettu 26. september 2025, hefur ákærði ekki áður gerst sekur um hegningarlagabrot. Brot ákærða var tilefnislaust með öllu og beindist háttsemin að eiginkonu hans á heimili þeirra, að börnum þeirra ásjáandi. Með vísan til alls þessa, atvika máls og afleiðinga atlögu ákærða, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Af hálfu brotaþola hefur verið krafist miskabóta úr hendi ákærða. Nemur endanleg krafa hennar 700.000 krónum að viðbættum vöxtum og dráttarvöxtum líkt og áður

greinir. Var einkaréttarkrafan birt ákærða 30. september 2025. Með broti því sem ákærði er nú sakfelldur fyrir hefur hann bakað sér bótaábyrgð gagnvart brotþola á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin 500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 12. október 2024 til 30. október 2025, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærða verður gert að greiða allan sakarkostnað málsins, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Halldóru Aðalsteinsdóttur lögmanns, 750.000 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, 550.000 krónur, auk útlagðs kostnaðar réttargæslumannsins, 11.562 krónur. Hefur við ákvörðun málsvarnarlauna verið tekið tillit til greiðslu virðisaukaskatts af málflutningsþóknun. Ákærði greiði annan sakarkostnað samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti lögreglu frá 2. október 2025, 37.900 krónur vegna læknisvottorðs.

Af hálfu ákæruvalds flutti málið Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari. Þórhallur Haukur Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan að gættu ákvæði 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Dómsorð:

Ákærði, Krzysztof Lukasz Ziolkowski, sæti fangelsi í 30 daga. Fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá dómsbirtingu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A 500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 12. október 2024 til 30. október 2025, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Halldóru Aðalsteinsdóttur lögmanns, 750.000 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotþola, Elisabethar Matthíasdóttur lögmanns, 550.000 krónur auk útlagðs kostnaðar réttargæslumanns, 11.562 krónur. Ákærði greiði 37.900 krónur í annan sakarkostnað.

Þórhallur Haukur Þorvaldsson